

Yfirskrift	Dagskrá stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 9 2016	9	Dagsetning	9. desember 2016	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Umhverfisstofnun				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, HÓS, ISS, KLÁ, MH (BE, EB, GSB) og Ingibjörg Guðmundsdóttir				
Fylgiskjöl	Fundargerð stjórnar FFR 10. nóvember 2016				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. 30 ára afmæli félags forstöðumanna ríkisstofnana

Félag forstöðumanna ríkisstofnana varð 30 ára á sunnudaginn var, en félagið var stofnað 27. nóvember 1986. Af þessu tilefni hefur stjórn félagsins ákveðið að boða til hádegisverðar fyrir félagsmenn á Grand Hótel í Háteigi A, miðvikudaginn 14. desember kl. 12:00-13:30, til að fagna þessum áfanga, njóta jólahádegisverðar og hittast til skrafs og ráðagerða.

3. Breyting á aðstæðum IG

IG hefur tekið að sér kennslu á vorönn og segir sig því frá þeim verkefnum sem hún hefur sinnt fyrir félagið, en það er aðallega undirbúningur fyrir fræðsluáttak fyrir samstarfsnefndir vegna stofnana-samninga sbr. lið 4.

4. Verkefnið um fræðsluáttak vegna stofnanasamninga

IG sagði frá vinnu við verkefnið um fræðsluáttak fyrir samstarfsnefndir vegna stofnanasamninga. Að því koma mörg stéttarfélög, FFR og Kjara- og mannauðssýsla ríkisins. Búinn hefur verið til námspakki fyrir eins dags námskeið, en lítið hefur verið notað af efni sem gert var vegna námskeið um stofnanasamninga 2006. Stéttarfélögin greiða fyrir þessa vinnu.

5. Kaup á sérfræðiþjónustu vegna kjaramála

Á síðasta fundi var rætt um kaup á sérfræðiþjónustu vegna kjaramála. Nauðsynlegt er að forma verkefnið, útbúa verkefnislýsingu og fá sérfræðiaðstoð. Rætt var um þau gögn sem þegar liggja fyrir vegna slíkrar vinnu bæði héraðs og einnig erlendis, til hvaða sérfræðinga ætti helst að leita, heimsóknar erlendis frá, tímalínu o.fl. Formaður mun kynna verkefnið á afmælisfundum 14. des.n.k. og stefnt er að almennum félagsfundum í byrjun árs sbr. lið 5 í síðustu fundargerð. Stjórn er sammála um að fjalla verði um bæði launamál og starfskjör forstöðumanna í víðum skilningi.

6. Vefur FFR

HÓS sagði vefinn nánast tilbúinn og hann verður opnaður á afmælisfundinum 14. des. Þá hefur einnig verið opnað pósthöfundur á gmail undir heitinu ffr@ffr.is. Kostnaður er óverulegur eða um 8\$ á ári.

7. Erindi til Kjararáðs

Farið var yfir drög að bréfi til Kjararáðs frá TA formanni starfskjaranefndar sbr. lið 4 í síðustu fundargerð. KLÁ fer yfir bréfið, en það þarf að senda fyrir 15. des.

8. Önnur mál

BK ræddi um nýja umsókn í Starfsmenntunarsjóð embættismanna.

BK mun athuga áfram möguleika á að halda samráðsfund nokkurra stjórnarmeðlima FFR með kjara- og mannauðssýslu, jafnvel fyrir jól.

IS tekur að sér að halda utan um póstlista félagsins til vors, en BK sendir fjöldapósta.

Guðjón S. Brjánsson forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Vesturlands var kosinn á þing í Alþingis-kosningunum 29. okt. s.l. og mun því ekki starfa lengur með félaginu. Honum er óskað til hamingju með nýja starfið og þakkað samstarf í stjórn FFR.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Umsjón með póstlista	ISS	
30 ára afmælisfundur á Grand Hótel	BK, HÓS o.fl.	14. desember
Lagfæring og sending á bréfi til Kjararáðs	KLÁ og BK	15. desember
Leitað eftir sérfræðiaðstoð vegna kjaramála	Allir	Sem fyrst
Fá morgunverðarfund með nýjum fjármálaráðherra	BK	Í bið
Undirbúa félagsfund um launa- og starfskjör	BK o.fl.	Janúar 2017
Kanna hvort hægt sé að fá sérfræðing frá Noregi á fund	BK og KLÁ	Sem fyrst
Verkefnislýsing vegna ráðgjafar	Í bið	Sem fyrst
Umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna	BK	
Koma á samráðsfundi með kjara- og mannauðssýslu	BK	